

Aldur trjáa

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að rannsaka aldur einstakra trjáa og kortleggja sögu einstakra trjáa og trjáreita. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Samþætting, stærðfræði, náttúrufræði, smíði og samfélagsfræði.

Aldur: Öll aldurstig.



VERKLÝSING

Til að mæla aldur trjáa eru taldir áhringirnir í felldum trjám. Á barrtrjám er hægt að telja greinakransa en á milli þeirra er árssproti hvers árs. Á lifandi trjám er borað í stofninn í um 10 cm hæð inn að miðju með sérstökum kjarnabor fyrir tré og teknir borkjarnar sem áhringirnir eru síðan taldir í. Áhringir trjáanna hafa að geyma upplýsingar.

Tré fellt til að lesa í áhringi: Æskilegt að hver nemandi fái sína sneið eða teikni sneið upp, telji og staðsetji á henni viðburði í fjölskyldunni, s.s. aldur systkina, foreldra og annarra ættingja eða annað það sem hann kys að færa inn í áhringina.

Borkjarni: Aðeins er tekinn einn borkjarni úr hverju tré en hann má mynda og dreifa til nemenda á blaði.

Kennari getur skipulagt verkefni við hæfi kennslunnar hverju sinni út frá þessu verkefni.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Kjarnabor fyrir borkjarna eða keðjusög ef fella á tré til að telja áhringi, merkipenni/blýantur til að merkja einstök ártöl í áhringjunum.